

Kópavogi, 25. nóvember 2021
Tilvísun

Efni fundar: Sjá dagskrá

Fundarmenn: Anna María Gunnarsdóttir, Birgir Urbancic Ásgeirsson, Freyja Hreinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Haraldur F. Gíslason, Ingimar Ólafsson Waage, Karl Frímannsson, Kristinn Þorsteinsson og Sonja Dögg Pálsdóttir.

Fjarverandi: Ragnar F. Ólafsson

Fundarritari: Ingileif Ástvaldsdóttir, starfsmaður kennararáðs

Dagskrá fundar

1. Upphaf
 - a. Dagskrá fundarins
 - b. Fundargerð kennararáðs 28. október 2021
2. Yfirlit yfir fyrsta starfsár kennararáðs 2020-2021
3. Kynning frá undanþágunefnd
4. Nýliðunarverkefni
5. Önnur mál

Umræður og ákvarðanir

1.
 - a. Engar athugasemdir gerðar við fundargerð síðasta fundar og skoðast hún því samþykkt eins og hún liggur fyrir.
 - b. Formaður lagði til að þriðji liður dagskrárinnar yrði frestað fram til næsta fundar. Tillaga formanns var samþykkt og ekki gerðar athugasemdir við aðra liði dagskrár.
2. Formaður kynnti skýrslu um fyrsta starfsár ráðsins. Í umræðum um skýrsluna kom fram tillaga um að bæta í hana að vinnuhóparnir hafi fengið til sín fólk með sérþekkingu á málefnum vinnuhópanna. Einnig var rætt hvort tillögur vinnuhópanna ættu að fylgja með í skýrslunni eða ekki. Samþykkt að kanna hjá ráðuneytinu hvort þær ætti að birta á meðan þær væru í vinnslu sem grundvöllur reglugerðarinnar sem er í vinnslu.

Tillaga formanns um að meðlimir kennararáðs hefði til 1. desember til að gera athugasemdir við skýrsluna. Eftir þann tíma telst hún samþykkt og verður birt á vefsvæði kennararáðs.
3. Frestað til næsta fundar kennararáðs.
4. Sonja Dögg fór yfir samantekt frá ráðgjafanefnd um innleiðingu og eftirfylgni til að fjölga kennurum.
5.
 - a. Næsti fundur kennararáðs er áformaður 16. desember kl. 13:00

b. Spurt um vinnslu reglugerðarinnar. Sonja Dögg sagði að hún væri í vinnslu og komin vel á veg. Rætt um hvort hún muni geta verið til kynningar og umræðu á næsta fundi ráðsins eða þá á næsta fyrsta fundi næsta árs.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 14:55

Næsti fundur: Fimmtudaginn 16. desember kl. 13-15.

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: IÁ |